

Reykjavík, 18. júní 2015

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Akin Gump LLP og LOGOS lögmannsþjónustu vegna frumvarps til laga um breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með síðari breytingum (nauðasamningar), þskj. 1401 – 786. mál, og frumvarps til laga um stöðugleikaskatt, þskj. 1400 – 787. mál.**

Í þskj. 1401 eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki í tengslum við nauðasamninga fjármálafyrirtækja í slitameðferð og með þskj. 1400 er lagður til nýr skattur, svokallaður stöðugleikaskattur, á fjármálafyrirtæki sem hafa ekki lokið slitameðferð fyrir 31. desember 2015. LOGOS lögmannsþjónusta og lögmannsstofan Akin Gump LLP vinna fyrir hópa kröfuhafa er fara með meirihluta almennra krafna gegn Glitni hf., Kauppingi hf. og LBI hf. („gömlu bankarnir“) og gera eftirfarandi athugasemdir við frumvörpin tvö, fyrir hönd þessara kröfuhafa:

Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við 2. gr. frumvarps til laga um stöðugleikaskatt. Svo virðist sem miðað sé við að stöðugleikaskattur skuli lagður á fjármálafyrirtæki sem hefur ekki lokið slitameðferð með staðfestum nauðasamningi fyrir 31. desember 2015. Enda þótt gera verði ráð fyrir að bæði kröfuhafar og slitastjórnir gömlu bankanna muni gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ljúka slitameðferð bankanna eins fljótt og auðið er, þá eru ýmis veigamikil atriði er geta orðið til þess að slitameðferð verði ekki lokið innan þessa tímamarks. Eftir að fjármálafyrirtæki hefur lokið nauðasamningsumleitunum með samþykkt kröfuhafa um frumvarp að nauðasamningi í atkvæðagreiðslu og lagt fram kröfu um staðfestingu nauðasamnings til héraðsdómara samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl. er hvorki á valdi slitastjórna né kröfuhafa gömlu bankanna að tryggja skjóta staðfestingu nauðasamningsins fyrir dómi. Ræðst framhaldið af réttarfarslegum atriðum, svo sem könnun héraðsdómara á erindi slitastjórna, tímasetningu þinghalda, hvort mótmæli berist gegn kröfu um staðfestingu nauðasamnings, hvort úrskurði um staðfestingu verði skotið til Hæstaréttar o.s.frv. Getur þetta bætt vikum eða jafnvel mánuðum við upprunalegar tímaáætlanir slitastjórna gömlu bankanna. Af þessum sökum kann svo að fara, jafnvel þótt nauðasamningsumleitunum og atkvæðagreiðslu um nauðasamninga ljúki í haust, að slitameðferð verði ekki endanlega lokið fyrir tímafrestinn 31. desember 2015 af ástæðum sem eru ekki á valdi slitastjórna eða kröfuhafa gömlu bankanna. Af þessu leiðir veruleg óvissa um ferlið sem telja verður óæskilega, ekki aðeins fyrir alla kröfuhafa gömlu bankanna heldur einnig fyrir framkvæmd áætlunar stjórnvalda um afnám fjármagnshafta.

Lagt er til að við 2. gr. frumvarps til laga um stöðugleikaskatt bætist eftirfarandi:

„Skattskyldan nær ekki til fjármálafyrirtækja í slitameðferð sem hafa lokið nauðasamningsumleitunum með samþykki frumvarps að nauðasamningi og lagt

skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamnings fyrir héraðsdómara fyrir 31. desember 2015 enda fáist nauðasamningurinn staðfestur með endanlegri dómsúrlausn.“

Í öðru lagi er gerð athugasemd við 2. mgr. f-liðar 2. gr. frumvarps til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki. Þar kemur fram að í frumvarpi að nauðasamningi megi kveða á um að kröfur skv. 109.-112. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl. verði greiddar áður en til greiðslu samningskrafna kemur. Í ljósi þess að tilgangur breytingatillögunnar er sá að greiða götu nauðasamninga áður en forgangskröfur eru að fullu greiddar og án þess að fyrir þeim sé sett sérstök trygging virðist ætlun frumvarpshöfunda vera sú að kveða á um að *samþykktar* forgangskröfur verði greiddar áður en til greiðslu samningskrafna kemur. Það verður hins vegar ekki ótvírætt ráðið af frumvarpstextanum sjálfum. Þá væri það og til bóta ef skýrt yrði kveðið á um að slitastjórn meti hvort nauðsynlegt sé að taka frá verðmæti, og þá hversu mikil og í hvaða formi, í tengslum við kröfur skv. 110. gr. sem ágreiningur stendur um þótt vitaskuld leiði af almennum reglum að það sé slitastjórnar að leggja mat á og gera ráð fyrir kostnaði af slitameðferðinni. Mat slitastjórnar um þetta atriði myndi síðan sem endranær sæta endurskoðun dómstóla við staðfestingu nauðasamnings, sbr. 6. tölul. 58. gr. laganna.

Lagt er til að 2. mgr. f-liðar 2. gr. frumvarps laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki verði svohljóðandi:

„Í frumvarpi að nauðasamningi fjármálafyrirtækis má kveða á um að *samþykktar* kröfur skv. 109.-112. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl. verði fyrst greiddar af eignum fjármálafyrirtækis, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 153. gr. þeirra laga, áður en til greiðslu samningskrafna kemur, án þess að fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu þeirra eða að hlutaðeigandi samþykki skriflega að nauðasamningur verði staðfestur án þess. Slitastjórn metur hvort nauðsynlegt sé að taka frá verðmæti í tengslum við kröfur skv. 110. gr. sömu laga sem eru umdeildar, og þá hversu mikil og í hvaða formi.“

Í þriðja lagi er lagt til að bætt verði við d-lið 2. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki ákvæði þess efnis að atkvæðismanni sé heimilt að skipta atkvæði sínu og greiða atkvæði fyrir hluta samningskröfunnar eða veita öðrum umboð til að greiða atkvæði fyrir hluta samningskröfunnar. Meðal stærstu kröfuhafa Kaupþings og LBI eru fjárvörsluaðilar sem halda utan um stórar kröfur fjölda hagsmunaeigenda (í Kaupþingi nema kröfur í eigu Deutsche Bank Trustee Company America (DBTCA) um 23% af öllum samþykktum almennum kröfum og í tilvikum LBI eru kröfur DBTCA um 18%). Vegna flókinna reglna sem gilda um það hvernig fjárvörsluaðilar koma fram fyrir hönd rétthafa undirliggjandi hagsmuna ríkir óvissa um hvort fjárvörsluaðilarnir geti greitt atkvæði um nauðasamninga gömlu bankanna. Í tilvikum sem þessum er fjárvörsluaðilinn einn eigandi kröfu, ekki rétthafar undirliggjandi hagsmuna, sbr. dóm Hæstaréttar frá 12. október 2011 í máli nr. 398/2011. Rétthafar undirliggjandi hagsmuna teljast því ekki eiga hlutdeild í sameign og geta af þeim sökum ekki farið með sjálfstæðan atkvæðisrétt fyrir sínu hlutfalli af kröfunni samkvæmt 3. mgr. 33. gr. um gjaldprotaskipti o.fl. Á hinn bóginn er ljóst að rétthafar undirliggjandi hagsmuna eru endanlegir móttakendur þeirra verðmæta sem kunna að greiðast upp í kröfur sem fjárvörsluaðilar hafa lýst við slitameðferðir föllnu bankanna. Þeir hafa þar með beina hagsmuni af því með hvaða hætti slitameðferð gömlu bankanna lýkur. Í ljósi þess þykir brýnt að tryggt verði að rétthafar undirliggjandi hagsmuna geti sjálfir greitt atkvæði um nauðasamning. Er þannig lagt til að kveðið verði á um að samningskröfuhafa sé heimilt að skipta kröfu sinni og greiða atkvæði fyrir aðskilda hluta kröfunnar. Sjá til hliðsjónar þegar tveir eða fleiri atkvæðismenn eiga samningskröfu saman, sbr. 3. mgr. 33. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl. Jafnframt er lagt til að skýrt verði tekið fram að heimilt sé að veita umboð til að fara með atkvæði vegna hluta af kröfu, sbr. 2. mgr. 50. gr. sömu laga. Með því yrði stuðlað að því að rétthafar undirliggjandi hagsmuna geti greitt atkvæði um nauðasamning vegna hlutdeildar sinnar í kröfu fjárvörsluaðila á grundvelli umboðs frá honum.

Lagt er til að gerði verði breyting á d-lið 2. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki þannig að á eftir 7. másl., er verður 13. máslíður, komi nýr máslíður:

„Samningskröfuhafa skal heimilt að skipta kröfu sinni og veita umboð, eitt eða fleiri, til að fara með með atkvæði vegna kröfu, að hluta eða öllu leyti.“

Í fjórða lagi er lögð til breyting á 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki til að koma í veg fyrir að slitameðferð gömlu bankanna og eðlilegt nauðasamningsferli tefjist verulega ef kröfu skv. 109. eða 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er lýst fyrir hárrí fjárhæð, löngu eftir lok kröfulýsingarfrests, og leita þurfi til dómstóla til þess að skera úr um réttmæti hennar.

Er því lögð til breyting á 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki er myndi bætast við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. Á eftir 1. másl. 4. mgr. 102. gr. komi nýr máslíður, svohljóðandi:

„Krafa skv. 109. gr. eða 2.-3. tl. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. telst niður fallin hafi henni ekki verið lýst fyrir slitastjórn innan fjögurra vikna frá því að kröfuhafa má hafa verið kunnugt um hana. Telji slitastjórn engan grundvöll vera fyrir kröfunni er henni heimilt að vísa ágreiningi um hana beint til héraðsdóms að undangenginni tilkynningu þess efnis til kröfuhafa. Um meðferð máls, sem rís eftir 2. másl. fer að öðru leyti eftir 3. mgr. 166. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, en þó skal heimilt að veita fresti í allt að tvær vikur og vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fara fram. Um ágreining vegna kröfu sem lýst er eftir að boðað er til fundar um atkvæðagreiðslu um nauðasamning skv. 1. mgr. 151. gr. laga um gjaldþrotaskipti verður ekki farið eftir ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Ef slitameðferð lýkur með gjaldþrotaskiptum fer um meðferð krafna samkvæmt 1. másl. 4. mgr., sbr. 6. mgr.“

Í fimmta lagi er lögð til sú breyting á c-lið 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki að skýrt verði að slitastjórn sé heimilt að láta fjármálafyrirtæki í slitameðferð gangast undir frekari fjárhagsskuldbindingar, svo sem með lántöku, í tengslum við lok slitameðferðar. Aðstæður kunna að vera með þeim hætti að slitastjórn telji það greiða fyrir lokum slitameðferðar og þjóna hagsmunum kröfuhafa að láta fjármálafyrirtæki gangast undir frekari fjárskuldbindingar, eftir atvikum til að fjármagna greiðslu forgangskrafna. Í þessu sambandi er vert að nefna að LBI ráðgerir að greiða að fullu kröfur skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. í tengslum við fyrirhugaðan nauðasamning, en til þess kann LBI að þurfa að afla fjármagns, sem yrði endurgreitt af eignum LBI í kjölfar nauðasamnings. Grundvöllur slíkra ráðstafana að gildandi lögum er ekki eins skýr og æskilegt væri.

Lagt er til að við c-lið 1. gr. frumvarps laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki verði bætt nýjum máslíð svohljóðandi:

„Slitastjórn er einnig heimilt að láta fjármálafyrirtæki gangast undir frekari fjárskuldbindingar svo fremi sem það er til að ljúka megi slitameðferð og að sýnt megi telja að það sé í samræmi við hagsmuni kröfuhafa og eftir atvikum hluthafa eða stofnfjáreigenda.“

Að lokum er lagt til að miðað verði við lok kröfulýsingarfrests í stað frestdags í tengslum við 4. mgr. 30. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Vegna mikils fjölda krafna á hendur gömlu bönkunum er enga áreiðanlega skrá yfir kröfuhafa að finna fyrr en eftir lok kröfulýsingarfrests (LBI 30. október 2009, Glitnir 26. nóvember 2009 og Kaupþing 30. desember 2009) og ómögulegt að miða atkvæðisrétt kröfuhafa við lýstar kröfur við frestdag.

Lagt er til að c-liður 2. gr. verði svohljóðandi:

„Í frumvarpi að nauðasamningi fjármálafyrirtækis er slitastjórn heimilt að ákveða að tímafrestur samkvæmt 4. mgr. 30. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. verði við lok kröfulýsingarfrests fjármálafyrirtækis.“

Undirritaður er reiðubúinn að gera frekar grein fyrir framangreindu verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt,



Óttar Pálsson hrl.